



## Fuglaskoðun í geimnum



Hefur þú einhvern tímann horft til himins og séð kynjaverur í skýjunum? Stjörnufræðingar gera það líka, nema skýin okkar eru kölluð geimpokur og eru óralengt úti í geimnum. Ólíkt jarðneskum skýjum sem eru úr vatni, eru geimpokur úr gasi og ryki. Stjörnufræðingar sáu fyrir sér fuglshöfuð í þessu skýi og kölluðu það Mávapokuna.

Gasið og rykið í geimnum er svo kalt að það skín ekki nógu skært til þess að við greinum það með berum augum – því heitara sem fyrirbæri er, því skærar skín það. Þetta virkar líka í hina áttina. Ef þú hefur haldið á ljósaperu sem hefur logað í nokkurn tíma finnurðu að hún er mjög heit. Þókan á þessari mynd er rauðglóandi vegna mjög heitrar stjörnu í miðjunni sem markar auga mávsins. Hitinn frá þessari stjörnu hefur hitað upp umhverfið svo það glóir.

Á myndinni sést líka blá þokumóða, sérðu hana? Þetta er ryk sem heitar, ungar stjörnur í þokunni lýsa upp. Ljós stjarnanna skoppar af ryköggunum og gerir þær sýnilegar, svipað og þegar þú beinir vasaljósi að hlutum í myrkvöðu herbergi. Hlutirnir sjást vegna þess að ljósop skoppar af þeim og í augun okkar.

Þessi mynd sýnir aðeins lífinn hluta af þokunni. Skýið allt breiðir út vængi sína yfir risavaxið svæði í geimnum og lítur út eins og fugl á flugi. Þú getur skoðað myndina hér.

## COOL FACT

Stjarnan á miðri mynd (auga mávsins) er ekki ein stjarna heldur tvær á braut um hvor aðra. Við köllum slík kerfi tvístirni!

